

Ed

307. Frumvarp

til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

A. Kvennaskóllan í Reykjavík.

1. gr.

Ríkið tekur að sjer kvennaskólann í Reykjavík, og skal hann framvegis að öllu leyti rekinn á kostnað ríkissjóðs.

Sjóður kvennaskólans, sem myndaður var af samskotum, skal framvegis ávaxtast þannig, að $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar skólans. Allar aðrar eignir skólans, kensluáhöld, rúmfatnaður o. fl. fylgja honum.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum, er forstöðunefnd kvennaskólans hefir haft á hendi, nfl. styrktarsjóði hjónanna Páls og Thoru Melsted, styrktarsjóði frá Elínar Briem Jónsson og verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsens.

2. gr.

Ríkisstjórnin semur reglur fyrir skólann og hefir yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Skólinn er miðaður við 4 ára nám og auk þess hússtjórnardeild í tveimur námsskeiðum.

4. gr.

Kenslugreinar skulu vera: Íslenska, danska, enska, saga, landafræði, stærðfræði, náttúrufræði, heilsufræði, hjúkrun, teiknun, skrift, leikfimi, söngur, útsaumur, ljereftasaumur, utanyfirfatasaur, fatasnið, þrjón og baldýring.

Í hússtjórnardeildinni skal kenna allt, er lýtur að hússtjórn, svo sem matargerð, þvott og meðferð á honum og önnur innanhússtörf. Ennfremur fá námsmeyjar tilsögn í efnasamsetningu fæðunnar og næringargildi hennar. Mikil áhersla skal lögð á hreinlæti, reglusemi, nýtni og sparsemi. Námsmeyjar í hússtjórnardeildinni skulu búa í skólanum.

5. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu með 3000 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og að minsta kosti einn fastan kennara í bóklegum námsgreinum með 2000 kr. árslaunum, og stundakennara eftir þörfum. Ennfremur skal skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1500 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita og fæðis meðan kenslan stendur yfir, og veita henni þá aðstoð við kensluna, er hún þarfnast.

Fastir kennarar skólans njóta dýrtíðaruppbótar eftir hinum almennu reglum um embættismenn ríkisins.

6. gr.

Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.

7. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

8. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

B. Kvennaskólinn á Blöndnósi.

9. gr.

Þá tekur og ríkið að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal hann framvegis rekinn að öllu leyti á kostnað ríkisins.

Jafnframt afhenda sýslunefndirnar í Húnavatnssýslu ríkinu kvennaskóla hennar með öllum eignum hans, kvennaskólahúsinu, lóðarrjettindum, innanhúsmunum, sjóðum og öllu öðru, er skólanum tilheyrir.

10. gr.

Ríkisstjórnin semur starfsreglur fyrir skólann og hefir öll umráð hans, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd, og sje meiri hlutinn konur.

11. gr.

Kenslugreinar skulu vera hinar sömu, er nú eru kendar í skólanum, þangað til ný skipun kann að verða gerð með reglugerð.

12. gr.

Við skólann skal skipa forstöðukonu, hússtjórnarkenslukonu og 3 aðrar fastar kenslukonur, alt á þann hátt, er nú á sjer stað, og með sömu föstum launum og nú, að viðbættri dýrtíðaruppbót, sbr. niðurl. 5. gr. Auk þessa njóta þessir kennarar sem hingað til ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar.

13. gr.

Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí ár hvert, en að því er hússtjórnarkensluna snertir til 30. júní ár hvert.

14. gr.

Próf skal halda í lok hvers skólaárs og inntökupróf að haustinu.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi

Greinargerð.

Meiri hluti mentamálanefndar flytur frv. þetta eftir tilmælum kenslumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp um að ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Reykjavík kom frá forstöðunefnd skólans í fyrra og var lagt fyrir Alþingi s. á., en gekk ekki fram. Fjelst ráðuneytið á ástæður nefndarinnar fyrir því, að rjett sje að ríkið taki að sjer rekstur skólans. Skóli þessi er rekinn nú svo að segja eingöngu á ríkisins kostnað, og virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi þá og umráð hans. Eftir afstöðu ríkisins til mentamállanna yfirleitt, virðist ekki ósanngjarnt, að það kosti sjerskóla fyrir konur.

Í brjefi forstöðunefndar skólans, frá 15. des. 1924, er meðal annars tekið fram það, er hjer segir:

»Kvennaskólinn í Reykjavík hefir nú um langa hrið verið að mestu leyti rekinn fyrir styrk þann, er hann hefir fengið úr ríkissjóði. Er þá að því er virðist rjettast, að ríkisstjórnin ráði rekstri skólans, ákveði skólagiöld, skipi kennara og ákveði laun þeirra. Það hefir og reynst mjög óhentugt, að ekki hefir verið auðið að vita það fyrirfram, hvort skólinn fengi framvegis nauðsynlegan rekstrarstyrk. Þannig hefir ekki verið hægt að leigja húsnæði handa skólanum lengur en frá ári til árs, nema með persónulegri ábyrgð forstöðunefndarmanna. Af þessum ástæðum hefir forstöðunefnd skólans hvað eftir annað farið þess á leit, að ríkið tæki skólann að sjer«.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er ætlast til, að skólarnir verði reknir eftirleiðis með svipuðu tyrirkomulagi og verið hefir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Við 1. gr.

Þar sem sjóður kvennaskólans var upphaflega stofnaður af samskotum einstakra manna, þykir rjett, að honum verði haldið óeyddum og hann aukinn svo, að hann með tímanum geti orðið verulegur styrkur til rekstrar skólans, en vöxtum hans að öðru leyti sje varið til rekstrar skólans þegar.

Við 2. gr.

Er skólinn hverfur undir ráð ríkisstjórnarinnar, þá virðist eigi þörf á að halda stjórnarnefnd fyrir skólann.

Við 4. gr.

Kenslugreinar eru yfirleitt þær sömu, sem nú eru kendar í skólanum.

Við 5. gr.

Það þykir nauðsynlegt að hafa auk forstöðukonunnar að minsta kosti einn fastan kennara, forstöðukonunni til aðstoðar við skólastjórnina og til þess í forföllum hennar að hafa stjórn skólans á hendi.

Upphæð launanna er miðuð við það, að kennararnir fái dýrtíðaruppbót eins og aðrir starfsmenn ríkisins. Laun forstöðukonu hússtjórnardeildarinnar eru sett 500 kr. lægri en laun fasta kennarans, í notum þess, að hún hefir ókeypib húsnaði í skólanum og fæði meðan kenslan stendur yfir.

Við 6.—8. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Við 9.—15. gr.

Að flestu leyti liggja hin sömu rök til þess, að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og skal um það efni visað til eftirgreinds brjefs formanns skólanefndar þess skóla. Vegna þess að svo fáir eru íbúar á Blönduósi, má ekki byggja á stundakenslu, og er gert ráð fyrir föstum kennurum eingöngu. Skólanefnd virðist rjett að hafa hjer, þótt hún þyki óþörf í Reykjavík.

Fylgiskjal.

Kvonnaskólinn á Blönduósi er nú 47 ára gamall, stofnaður í Húnavatnssýslu 1879. Skólinn var fyrst rekinn á bestu heimilum í sýslunni í nokkra vetur, eða til ársins 1883, að sýslan keypti hús fyrir skólann á Ytri-Ey á Skagaströnd ásamt túnbletti.

Skólinn er þektastur undir nafninu Ytri-Eyjarskóli, og sjerstaklega frá þeim árum, er frú Elín Briem veitti honum þar forstöðu. Var fyrirkomulag skólans þá landskunnugt og þótti fyrirmynd, eins og sjá má á því, að gjöf frú Herðisar Benediktsen til skólastofnunar á Vesturlandi er bundin því skilyrði, að fyrirkomulag þess skóla verði sama og á Ytri-Eyjarskóla.

Skólinn stóð á Ytri-Ey frá 1883—1901, er hann var fluttur á Blöndós og byggt þar nýtt skólahús. Hús þetta brann 1911, en 1912 er þegar byggt upp aftur vandað steinhús með um 40 heimavistum; voru þar enda stundum 50 nemendur í heimavist, og hefir skólinn starfað í því síðan. Hús þetta var byggt af

hjeraðinu, án nokkurs styrks af rikissjóði, og jafnframt hafði skólinn þá sár-
litinn rekstrarstyrk.

Frá fyrstu hefir skólinn að ýmsu leyti starfað sem húsmæðraskóli, þó
að aðalkenslan hafi lengst af verið bókleg, þar til nú síðastliðin 3 ár að hann hefir
starfað sem hreinn hússtjórnarskóli, eftir því sem staðhættir leyfa, verið dregið
mikið úr bóklegri kenslu, aðaláherslan lögð á íslensku og stærðfræði, en fastir
kennarar settir í hússtjórnarkenslu, allskonar kvenfata- og ljereftasaum, með
sjerdeild fyrir karlmannafatasaum, vefnað og garðyrkjukenslu. Náms skeið hafa
verið haldin að skólanum loknum í vefnaði, og verður hjer eftir sómuleiðis í
garðyrkju, ekki einasta fyrir nemendur skólans, heldur einnig fyrir búnaðar-
fjelög sýslunnar. Jafnframt er hafist handa að rækta tún við skólann, og er
tyrrihugað, að hússtjórnar- og garðyrkjukenslukona skólans hafi aðsetur í
skólanum yfir sumarið, og verði þar nytkaðar kýr skólans og ostar gerðir úr
mjólkinni.

Þessi síðustu ár hefir skólinn verið 2 ára skóli, og eftir þeirri reynslu,
sem fengin er í því efni, sýnist alls ekki vera rjett að setja námstímam lengri,
því færri af nemendum hefir verið báða veturna. Enda er hagur stúlkna svo
almennast, að þær geta ekki kostað sig 2 vetur samfleytt af kaupi sínu.

Laun kenslukvennanna eru:

Forstöðukonu.. kr. 1400

Hússtjórnarkennara — 900

en fær hjer eftir 1800 kr. sem fastur kennari.

Aðrar kenslukonur — 700

Auk þessara launa er fritt fæði, húsnæði, ljós, hiti og þjónusta.

Kenslukrafta við skólann má nú telja í besta lagi og forstöðu hans
hefir Kristjana Pjetursdóttir frá Gautlöndum. Er álit á skólanum nú eins og
það hefir best verið áður og aðsókn meiri en nokkru sinni fyr. Þannig kom-
ust í fyrirvetur aðeins 2 nemendur úr hjeraðinu í heimavist skólans, þar sem
hann var fullur áður en þeir sóttu um inntöku. Og á síðastliðnu hausti fór
þetta svipað, og varð að neita 32 umsækjendum um inntöku.

Fyrir næsta skólaár var byrjað að sækja um skólavist í síðastl. des-
embermánuði.

Nú eru í skólanum nemendur úr þessum hjeruðum:

Gullbringu- og Kjósarsýslu 1, Dalasýslu 2, Árnessýslu 1, Mýrasýslu 2,
Barðastrandarsýslu 1, Eyjafjarðarsýslu 4, Ísafjarðarsýslu 2, Þingeyjarsýslu 6,
Strandasýslu 2, Norður-Múlasýslu 4, Húnavatnssýslu 8, Suður-Múlasýslu 3,
Skagafjarðarsýslu 5, Skaftafellssýslu 1.

Af nemendum úr Húnavatnssýslu eru 3 utan heimavistar, þar sem
þær voru uppteknar. Af þessu sjest, að skóli þessi er fyrir alt landið, en að
minstu leyti fyrir hjeraðið.

Eignir skólans eru, eins og áður er fram tekið, vandað steinhús, sem
enginn mundi virða eftir núverandi húsaverði minna en 80 þús. kr., mikið og
gott innbú og auk þess ofurlitill nemendasjóður.

Mjög litlar skuldir hvila á skólanum.

Með skírskotun til þess, sem nú hefir sagt verið um skólann, er það

sýnt, að hjeraðið hefir haldið skóla þessum við af mestu sæmd og lagt á sig mikil og stöðug fjárútlát til þess að gera hann svo úr garði, sem hann nú er, og á því fulla kröfu á því, ef það æskir þess, að ríkið taki hann að sjer fyr en aðra skóla, þar sem í fyrsta lagi má skoða hann sem landsskóla, og í öðru lagi ber ríkinu eins brýn skylda til að taka að sjer rekstur þessa skóla eins og búnaðarskólanna, nema brýnni sje, þar sem mentun kvenna í þessa átt verður að teljast þýðingarmeiri en búnaðarskólamentunin.

Alþingi, 9. apríl 1926.

Þórarinn Jónsson,

(p. t. form. skólastjórnar).

Til forsætisráðh. Jóns Magnússonar.